

7. bekkur 2025 - 2026

Umsjónarkennari: Sophie Susanna Dobernigg

Heimastofa: Móaland.

Í 7. bekk leggjum við mikla áherslu á samskipti og félagsfærni. Við leggjum okkur fram við að efla sjálfsmynd nemenda með jákvæðni með lýðræðislegum kennsluháttum. Kennslan beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf til náms. Leitast er við að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda ásamt skapandi hugsun og lausnaleyti. Nemendur þjálfast í að setja fram, rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti. Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar og uppbyggilegar kennsluaðferðir með áherslu á skapandi og verklega nálgun í öllum námsgreinum.

7. bekkur er yfirleitt í samkenndu með 6. bekk og stundum með 5. bekk. Í fjármálalæsi og sundi er 7. og 8. bekkur í samkenndu.

Íslenska

Kennari: Karen Kristjana Ernstsóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024 – íslenska.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024>

Stuðst er við hæfniviðmið fyrir lok 7. bekkjar í Aðalnámskrá fyrir íslensku.

Helstu viðfangsefni -

- Talað mál, hlustun og áhorf,
- Lestur og lesskilningur,
- Bókmenntir,
- Ritun,
- Mál og málnotkun

Áherslan þetta skólaár er að efla læsi, ritun og lesskilning nemenda, sem og að kynna fyrir nemendum fjölbreytni íslenskunnar í töluðu og rituðu máli. Notast verður við nýja matstækið Ritunarrámmann við að kenna og meta ritun nemenda á markvissan hátt. Ýmis konar bókmenntir verða kynntar sem og efni af stafrænum miðlum. Leitast er við að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi.

Námsgögn - grunnur:

- Flökkuskinna kennslubók í bókmenntum fyrir miðstig grunnskóla.
- Orðspor 2 kennslubók í íslensku fyrir miðstig grunnskóla
- Orðspor 2 verkefnabók
- Þriðji Smellur kennslubók í lesskilningi fyrir miðstig grunnskóla
- Þættir, myndbönd, tónlist og myndir af veraldarvefnum
- Annað valið efni úr bókum eða af vef.

Allar bækur eru á vef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, bæði raf- og hljóðbækur.

Kennsluhættir - Nemendur vinna fjölbreytt verkefni í íslensku, ýmist einir eða í hóp. Lestur verður aðallega æfður í paralestri með 6. bekk. Lesskilningsverkefni í Þriðja Smelli eru unnin einu sinni í viku. Unnið er með bókmenntatexta úr Flökkuskinnu í bland við fjölbreytt verkefni um tungumálið í Orðspori 2. Málfræði verður fléttuð saman við aðra kennslu í íslensku. Nemendur vinna verkefni sín í vinnubækur, stílabók eða í tölvu og eru hvattir til að flytja verkefni sín fyrir hóp þegar við á. Ekki er endilega gert ráð fyrir að nemendur séu allir í sömu verkefnum á sama tíma.

Kennslufyrirkomulag – Íslenska er kennd fimm sinnum í viku, 40 mín. í senn. Tvær kennslustundir er samkensla er með 6. bekk og þrjár kennslustundir er samkensla með bæði 5. og 6. bekk. Unnið er í mislögum lotum þar sem unnið er með nokkur hæfnivíðmið Aðalnámskrár í einu. Áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á eigin námi.

Námsmat - Leiðsagnarmat. Námsmat byggir á símati, stuttum könnunum, verkefnavinnu, sjálfsmati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Stærðfræði

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið - Sjá Aðalnámskrá fyrir lok 7. Bekkjar.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-25-staerdfraedi-2024>

Helstu viðfangsefni - Heilar tölur, tugabrot, almenn brot, reikniaðgerðirnar fjórar, tugabrot, hlutfallareikningur, rúmfræði, mælingar, tímaútreikningar og prósentureikning.

Námsgögn - Stika 3a og 3b, Stika 2a og 2b, nemendabækur og æfingahefti. Stærðfræðiverkefni sem kennari útvegar og hentar hverjum og einum.

Kennsluhættir og fyrirkomulag - 5 kennslustundir á viku og er 6. og 7. bekk kennt saman. Í einum tím á viku er miðstiginu kennt saman. Námssefninu er skipt upp í lotur og aðlagð að þörfum hvers og eins. Unnið eftir aðferðum Hugsandi skólastofu (Building thinking classroom) þar sem nemendur vinna saman í 2ja til 3ja manna hópum standandi við tússtöflur og leysa verkefni sem reyna á skapandi hugsun, lausnaleit og samvinnu. Aðferðin fær nemendur til að deila sínum aðferðum og hugmyndum með jafningjum og til að tala um stærðfræði, sem bætir árangur. Tússtöflur, þar sem auðvelt er að varpa fram og aftur hugmyndum, veita nemendum frelsi til að koma hugmyndum sínum á framfæri þar sem auðvelt er að stroka út og byrja aftur. Eins veitir það að standa uppréttur við vinnu sína aukið frelsi og er líklegt til að efla virkni og sjálfsöryggi nemenda, annað en þegar setið er við borð. Vinna við töflurnar veitir kennara einnig góða yfirsýn yfir virkni og gengi nemenda og getur þannig brugðist hratt við þegar nemendur þurfa aðstoð eða eru óvirkir. Aðferðin einblínir á að kennari aðstoði við að finna leið að lausn verkefna fremur en að sýna nemendum lausnina. Námið felst í hugsun nemenda. Nemendur vinna einnig sjálfstætt við borð og nýta það sem þeir lærðu á töflunum.

Stuðningsfulltrúi er inni í öllum tímum og hefur hópurnar stórt rými til afnota. Það býður upp á að hægt sé að sinna einstaklingum þar sem þeir eru staddir mjög vel. Lítið verður um heimanám ef nemendur nýta tímann sinn vel í skólanum en fylgjast þarf vel með á mentor ef nemandi missir úr.

Námsmat - Símat, smápróf og lotukannanir.

Náttúrufræði

Kennarar: Halla Sigríður Bjarnadóttir og Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla - náttúrugreinar.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-22-natturgreinar-2024> Nánar um hæfniviðmiðin og námsmarkmiðin koma fram í verkefnabók í Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- Vistkerfi, frumur og bakteríur.
- Mannslíkaminn, brjóstholslíffæri, húðin, krufning, sjón og linsur
- Kraftar, Newton, Sl einingarkerfið, eðlismassi, massi og þyngd
- Heimildarritgerð
- Hafið, efnafræði og efnatákn
- Vísindavaka þar sem nemendur framkvæma sínar tilraunir sem þeir velja og sýna.

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning og geti rökrætt um málefni sem tengjast efninu. Kennslan fer fram úti- og inni og markmiðið er að þeir þrói með sér góðan orðaforða og jákvætt viðhorf til námsgreinarinnar. Einnig að þeir fái tækifæri til að styrkja verklega færni sína, læri að veita náttúrunni athygli, afla upplýsinga vinna úr þeim og miðla. Nemendur fá þjálfun í að tileinka sér góð vinnubrögð, vinnuaðferðir og tækifæri til greina frá niðurstöðum úr rannsóknum eða tilraunum. Áhersla er á vísindalæsi, lesið texta í náttúruvísindum og notað hugtök sem við á hverju sinni.

Námsgögn - grunnur:

- Náttúrulega 1
- Náttúrulega 2
- Auðvitað bækur.

Allar bækur eru á vef Námsgagnastofnunar, bæði rafbækur og hljóðbækur. Auk þess: veraldarvefurinn, myndbönd, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint, heimildarþættir sem tengjast efninu, fréttir. Tölur og spjaldtölur eru notaðar í heimildarvinnu eða til upplýsingaöflunar.

Kennsluhættir - Fyrirlestrar, stöðvavinna þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni vikunnar. Vinna í pörum og hópum eru ríkjandi aðferðir, eins verða unnin verkefni einslega. Umræður um efni líðandi stundar og nýjar kenningar sem tengjast náttúrufræði.

Kennslufyrirkomulag - Náttúrufræði er kennd þrjá daga vikunnar, 40 mín. í senn. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat -Leiðsagnamat: Vinnubók, verkefni, sjálfsmat, athuganir og stuttar kannanir.

Lífsleikni

Kennari: Halla Sigríður Bjarnadóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024. Hæfniviðmið sem miðað er við er fengið úr samfélagsgreinum - sjálfsmynd, siðferði og trú, náttúrugreinum - lífið, geðheilbrigði, sjálfsmynd og heilsu manna, og skólaþróttum - félagslegir þættir. Nánar um hæfniviðmið og námsmarkmiðin koma fram í verkefnabók í Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni

- Sjálfsmynd, hæfileikar, styrkleikar og veikleikar.
- Félagsmótun og samskipti
- Heilbrigð sál í hraustum líkama
- Andleg heilsa
- Barnasáttmálinn kynntur

Markmiðið er að nemendur fái kennslu og þjálfun í sjálfsþekkingu, jafnrétti og mannréttindum, einnig að þeir fái tækifæri til að fræðast um og taka á málefnum daglegs lífs á upplýsandi og gagnrýnin hátt. Nemanda þarf að geta nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samtals.

Námsgögn - grunnur.

- Ég og sjálfsmyndin mín
- Kyn, kynlíf og allt hitt
- Kynfræðsluvefurinn <https://www1.mms.is/kyn/index.php>
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna - vefur.

Allt námsefni er á mms.is, bæði rafbækur og hljóðbækur og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er á vef. Auk þess: veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fréttir þá stundina ef þær tengjast efninu á einhvern hátt.

Kennsluhættir - Fyrirlestrar, samræður og verkefni þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni vikunnar. Vinna í þörum og hópum eru ríkjandi aðferðir, eins verða unnin verkefni einslega. Umræður um efni líðandi stunda tekið inn ef þarf.

Kennslufyrirkomulag - Lífsleikni er kennd einu sinni í viku á móti ensku, fjórar vikur í senn í 40 mínútur. Áherslur í allri kennslu er samvinna, samræður, jákvæð samskipti, virkni í tengslum og umræðum.

Námsmat - Leiðsagnarmat: Vinnubók, sjálfsmat, jafningjamat.

Samfélagsfræði

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla - Samfélagsgreinar
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-24-samfelagsgreinar-2024>

Helstu viðfangsefni

- Jörðin okkar

- Saga
- Borgarvitund
- Siðferði og trú

Námsgögn - Vefur mms.is, ýmsar kennslubækur, efni af netinu og verkefni unnin af kennara.

Kennsluhættir - Nemendur vinna verkefni tengd efninu ýmist einir eða saman í hópum. Leitast er við að auka sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og þjálf þá í umræðum og efla gagnrýna hugsun. Leitast er við að mæta þörfum hvers og eins.

Kennslufyrirkomulag - Samfélagsfræði er kennt fjórum sinnum í viku. Verkefni eru unnin í lotum.

Námsmat - Leiðsagnarmat. Námsmat byggist á símati, sjálfsmati, virkni, samvinnu, samskiptum og afkastagetu nemenda.

Enska

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla - Erlend tungumál
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafla-20-erlend-tungumal-2024>

Helstu viðfangsefni

- Hlustun og áhorf
- Lestur og lesskilningur
- Samskipti
- Frásögn
- Ritun
- Menningarlæsi

Námsgögn - Ready for Action, Portfolio bækur, Enskar málfræðiafingar, teiknimyndir, útprentið námsefni, gagnvirkt efni og kennsluforrit af veraldarvefnum, orðabækur, spil og leikir.

Kennsluhættir - Kennt verður í lotum og verður vinnan þematengd. Inn í þemun verða tengd verkefni sem þjálf atriði sem nefnd eru í aðalnámskrá og verður unnið með hvert viðfangsefni á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á að byggja jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður sem örva nemendur til þess að nota málið á einfaldan hátt. Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, stöðvavinna og leikræn tjáning.

Kennslufyrirkomulag - 3 kennslustundir á viku. 6. og 7. bekkur verður kennt saman. Unnið verður í hópum og á stöðvum. Mikil áhersla er á að auka orðaforða.

Námsmat - Leiðsagnarmat, sjálfsmat, kannanir, þátttaka í tímum, verkefni og æfingar.

Danska

Kennari: Karen Kristjana Ernsts dóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024 – erlend tungumál.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-20-erlend-tungumal-2024>

Stuðst er við hæfniviðmið fyrir 2.stig í Aðalnámskrá fyrir erlend tungumál.

Helstu viðfangsefni -

- Heimur dýranna,
- Matur og matarmenning,
- Skólinn,
- Bær og borg,
- Tilfinningar, áhugamál og fyrirmyndir
- dönsk menning og hátíðir

Markmiðið er að efla áhuga nemenda á dönsku tungumáli og danskri menningu. Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á tengslum Danmerkur og Íslands og skyldleika í menningu. Að nemendur efli færni sína í hlustun og talaðri dönsku.

Námsgögn - grunnur:

- SMART kennslubók í dönsku fyrir miðstig grunnskóla.
- SMART verkefnabók
- Valdar léttlestrarbækur á dönsku
- Tempo kennsluvefur hjá www.mms.is
- Þættir, myndbönd, tónlist og myndir af veraldarvefnum
- Annað valið efni úr bókum eða af vef.

Allar bækur eru á vef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, bæði raf- og hljóðbækur.

Kennsluhættir - Nemendur lesa og ræða texta í kennslubók með kennara og vinna síðan verkefni tengd textunum í verkefnabók eða á annan hátt, ýmist einir eða saman í litlum hópum. Kennsla fer aðallega fram á dönsku til að efla hlustunar- og málskilning nemenda. Leitast er við að efla færni nemenda í dönsku talmáli og auka skilning þeirra á talaðri dönsku. Áhersla er lögð á að auka orðaforða nemenda sem og að þjálfra ritun á dönsku. Ekki er endilega gert ráð fyrir að nemendur séu allir í sömu verkefnum á sama tíma.

Kennslufyrirkomulag – Danska er kennd tvisvar sinnum í viku, 40 mín. í senn. Samkennsla er með 6. bekk. Unnið er í mislögum lotum þar sem hvert viðfangsefni er tekið fyrir. Kennslubókin SMART er grunnefni vetrarins en einnig verður annað kennsluefni notað. Áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á eigin námi.

Námsmat - Leiðsagnarmat. Námsmat byggir á símati, stuttum könnunum, verkefnavinnu, sjálfsmati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Myndmennt

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 7. bekkjar.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-21-list-og-verkgreinar-2024>

Helstu viðfangsefni - Leitast er við að nemandi geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist lítafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleika hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki. Kynnist þekktum nöfnum og stefnum í listasögunni.

Námsgögn - Verkefni úr bókinni Ég sé með teikningu” og unnið með hugmyndir af netinu.

Námsmat - Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, virkni, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og frágang.

Kennsluhættir - Verkefni er kynnt fyrir nemendum ásamt miðlum sem unnið er með. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og nemendur vinna verkefni út frá sinni getu og hugmyndum. Stutt er við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

Kennslufyrirkomulag - Myndmennt er kennd til móts við heimilisfræði í 80 mínútur á viku og er miðstiginu skipt í í tvo blandaða hópa. Hvor hópur fær nokkur skipti í hvorri grein yfir veturinn.

Hönnun og smíði

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámsskrár grunnskóla-List og verkgreinar (Hönnun og Smíði)

Helstu viðfangsefni -

- þekkt ýmis verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðaefna og útskýrt virkni þeirra,
- þekkt algengustu smíðaefni og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
- framkvæmt algengustu aðferðir festinga og útskýrt notkun þeirra,
- útskýrt réttar vinnustellingar, valið viðeigandi hlífðarbúnað og gert sér grein fyrir samhengi góðrar umgengni og öryggisþátta.
- útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,
- lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,
- hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum,
- lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi og almennt í samfélaginu,
- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir,
- nýtt hugbúnað við hönnun tvívíðra og þrívíðra forma,
- nýtt sér örtölvur til að stýra einföldum aðgerðum.

- gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,

Námsgögn - grunnur:

- Smíði (Árni Arnason, Búi Kristjánsson og Ólafur Ólafsson)
- Námsfni í nýsköpun
- Stuðningsefni af vef og frá kennara.

Kennsluhættir – Sýnikennsla og umræður. Einstaklingsmiðuð aðstoð kennara við nemendur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, paravinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk.

Kennslufyrirkomulag – Hönnun og Smíði er kennd einu sinni í viku, 80 mín. í senn í þremur 6 vikna lotum yfir skólaárið. Mikil áhersla er lögð á aðlögun og samstarf við Hönnun og smíði. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðuð nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnamat: Umræður um verkefni og lokafrágang þeirra. Auk þess er tekið mið af vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustund, góðum samskiptum og hjálpsemi. Verkefni verða metin með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

Textílmennt – 7. bekkur

Kennari: Erna Óðinsdóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla – List- og verkgreinar (textílmennt) Nánari útfærslu á vinnu við hæfniviðmið og námsmarkmið má sjá í verkefnabók á Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- Að þjálfar grunnaðferðir og beitingu helstu áhalda greinarinnar að því marki að nemendur geti notað af nokkru öryggi.
- Að nemendur þjálfist í að nota fjölbreyttan efnivið í textílvinnu.
- Að nemendur læri að vinna með einföld snið og uppskriftir.
- Átti sig á mikilvægi þess að beita sér rétt við vinnu sína.
- Nemendur æfist í að þróa eigin hugmyndir í textílverk og vinni eftir ferli.
- Bæti við sig þekkingu á skreytingaraðferðum og geti skreytt textílvinnu með fjölbreyttum hætti.
- Geti notað þau hugtök sem unnið er með hverju sinni, tengjast greininni og eigin verkefnavali.
- Geti nýtt ýmsa miðla til að afla gagna til stuðnings eigin hugmynda.
- Kynnist hugbúnaði til hönnunar á eigin myndverki og nýti til vinylskurðar. (Með fyrirvara um að tækjakostur verði til staðar á þessu skólaári).
- Kynnist efnisfræði lítillaga með áherslu á muninn á náttúru efnum og gerviefnum.
- Þekki merkingar á textílefum og átti sig á úr hverju eigin fatnaður er gerður.

- Þjálfist í að endurnýta textíl í eigin verk og sjái möguleika í efnisveitum.
- Átti sig á ríkjandi textílhefðum á Íslandi.

Markmiðið er að nemendur kynnist textílmennt á sem fjölbreyttastan hátt. Læri grunnaðferðir í textíl handverki og geti beitt þeim í verkefnum sínum. Lögð er áhersla á undirbúning, teikningar og skipuleg vinnubrögð sem undirbúning fyrir eigin sköpunarverk og nýti sér jafnframt fjölbreytta miðla vinnu sinni til stuðnings. Lagt er upp úr að nemendur útfæri verkefni sín eftir eigin löngunum og smekk og upplifi því sterkara eignarhald í verkefninu öllu. Að nemendur læri að þekkja mismunandi efnisgerðir með sérstaka áherslu á staðbundið hráefni, íslensku ullina, og endurnýtingu textíls. Athygli nemenda er vakin á ábyrgð í textílneyslu og sett í samhengi við sjálfbærni og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér þann orðaforða sem tilheyrir greininni og öðlist smám saman öryggi í notkun hans. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í kennslustofu en ef tengja má verkefni út í náttúruna er það gert.

Námsgögn - grunnur:

- Handbók í Textíl (Þýðing Ásdís Jóelsdóttir).
- Sjálfbærni í textíl – neysla, nýting og nýsköpun (Ásdís Jóelsdóttir).
- Vélsaumur – námsvefur og verkefnabanki.
- Aftur nýtt – námsvefur og verkefnabanki, endurnýting.
- Gera sjálfur – námsvefur um textílmennt og sjálfbærni.
- Umhverfisvæn jurtalitun (Birna Guðmundsdóttir og Kristín Erlingsdóttir)
- Foldaskart í ull og fat – Jurtalitun (Sigrún Helgadóttir og Þorgerður Hlökkversdóttir).
- Stuðningsefni af vef og frá kennara.

Kennsluhættir – Sýnikennsla, kennslumyndbönd og umræður. Einstaklingsmiðuð aðstoð kennara við nemendur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, paravinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk.

Kennslufyrirkomulag – 6. og 7. bekkur sitja saman textíltíma þetta skólaár. Textílmennt er kennd einu sinni í viku, 80 mín. í senn í þremur 6 vikna lotum yfir skólaárið. Mikil áhersla er lögð á aðlögun og samstarf við Hönnun og smíði. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnamat: Umræður um verkefni og lokafrágang þeirra. Auk þess er tekið mið af vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustund, góðum samskiptum og hjálpsemi. Verkefni verða metin með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

Útikennsla

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið - Markmið útináms eru að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúru á þeirra daglega líf. Einnig að nemendur læri að tileinka sér sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, útivistar, hreyfingar og heilbrigði. Einnig er lögð áhersla á að nemendur klæði sig rétt miðað við veðurfar hverju sinni.

Helstu viðfangsefni - Viðfangsefni útináms eru fjölbreytt og fléttast saman við aðrar greinar skólans. Sérstök áhersla verður lögð á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og einkenni þeirra, veðurfar, hreyfingu, sköpun og sjálfbærni. Auk þess munu félagsþættir vega þungt í útinámi svo sem samskipti og félagsfærni.

Kennsluhættir. Kennsla fer fram utandyra og byggir að mestu á athugunum, umræðum, þrautum og skapandi verkefnum. Nemendur munu ýmist vinna í samvinnu við aðra eða sjálfstætt við öflun gagna, athuganir, prófanir, mælingar og úrvinnslu.

Kennslufyrirkomulag - Útinám er kennt einusinni í viku 40.mín 5-7.bekkur er saman í útinámi.

Námsmat - Lagt verður mat á færni, framfarir, vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður metið hvernig nemendum gengur að tileinka sér markmið námsins.

Skólaíþrótti

Kennari: Halla Rúnarsdóttir

Markmið -Hæfniviðmið Aðalnámskrár Grunnskóla- Skólaíþróttir
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-23-skolaithrottir-2024>

Helstu viðfangsefni -

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki.
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum íþróttum, einstaklings og hópíþróttir.
- Áhersla lögð á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun. Lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið er að nemendur fái kennslu og læri undirstöðuatriði helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni. Að þau sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttaáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni. Kennari styðst við efni af veraldarvef, Íþróttabækurnar sem gefnar eru út af MMS og handbækur tengdar hverri grein.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Nemendur hljóta íþróttakennslu í 80 mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er nokkrar vikur að hausti og að vori. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnarmat : Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Sund

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

Markmið -Hæfniviðmið Aðalnámskrár Grunnskóla- Skólaíþróttir
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-23-skolaithrottir-2024>

Helstu viðfangsefni -

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki.
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum sundaðferðum æfingum og leikjum í vatni. Einnig björgun, öryggi, hreinlæti og skyndihjálp

- Áhersla lögð á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun. Lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið er að nemendur fái kennslu og læri undirstöðuatriði helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni. Að þau sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni. Kennari styðst við efni af veraldarvef, Íþróttabækurnar sem gefnar eru út af MMS og handbækur tengdar hverri grein.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvápjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Nemendur hljóta sundkennslu í 40 mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer fram í Brautarholti. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnarmat : Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Fjármálalæsi – 7. bekkur

Kennari: Erna Óðinsdóttir

Markmið - Aðalnámskrá grunnskóla Stærðfræði og Aðalnámskrá grunnskóla - Samfélagsgreinar

Nánari útfærslu á vinnu við hæfniviðmið og námsmarkmið má sjá í verkefnabók á Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og átti sig á mikilvægi þess að fylgjast með útgjöldum og því að sýna fyrirhyggju í fjármálum.
- reiknað og borið saman tekjur á einfaldan hátt eftir ólíku greiðslufyrirkomulagi (t.d. tímakaup vs. mánaðarlaun) og tengt við raunhæfar aðstæður.
- gert grein fyrir útgjaldaliðum fyrir ákveðin tilefni eins og t.d. skólaferð, afmælisboð o.s.frv.
- gert grein fyrir því að lánum fylgir kostnaður (vextir/útlánsvextir) og það getur tekið tíma að borga þau til baka.
- útskýrt að þegar einstaklingur leggur peninga inn á bankabók ávaxta peningarnir sig (vextir/innlánsvextir).
- gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu og átti sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins.

- lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori.
- Þekki nokkur lykilhugtök tengd fjármálalæsi, s.s. laun, launaseðill, sparnaður, vextir, lán, debetkort, kreditkort, skuld, að skulda, eignir, tekjur, útgjöld, tímakaup, mánaðarlaun, reiðufé, forgangsöröðun, þarfir, langanir, kostnaður, áætlun, fjárráða.

Markmiðið er að efla skilning nemenda á fjármálum og hugtökum þeim tengdum. Aðaláhersla er að tengja við raunveruleikann, nota dæmi úr lífi nemendanna sjálfra og samfélagsumræðu líðandi stundar.

Námsgögn - grunnur:

- Fyrstu skref í fjármálum. (Gunnar Baldvinsson).
- Fjármálavit. (Námsvefur í fjármálalæsi).
- Eru fjármál stórmál? (Sigurður Freyr Sigurðarson).
- Fjármálalæsi-fjármál einstaklinga. (Námsgagnastofnun).

Kennsluhættir – Fyrirlestrar, kennslumyndbönd, verkefnavinna og umræður. Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni tengd fjármálum og tengja gjarnan við samfélagsumræðu líðandi stundar sé þess kostur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, paravinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, líflegar umræður, uppbyggilega gagnrýni, vináttu og að hjálpast að.

Kennslufyrirkomulag – 7. og 8. bekkur sitja saman tíma í fjármálalæsi þetta skólaár. Fjármálalæsi er kennd einu sinni í viku, 40 mín. í senn yfir allt skólaárið. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnamat: Tekið er mið af verkefnaskilum, vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustundum, góðum samskiptum og hjálpssemi. Verkefni verða metin með tilliti virkni og þátttöku, vinnubragða, tengingu við raunveruleikann og líðandi stund.

Upplýsingatækni

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla - Upplýsinga- og tæknimennt
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-26-upplýsinga-og-taeknimennt-2024>

Helstu viðfangsefni

- Upplýsinga- og miðlalæsi
- Sköpun og miðlun
- Stafræn borgaravitund
- Lausnaleyti

Námsgögn - Ýmis kennsluforrit á vef menntamálastofnunar. Office pakinn og netsvæði hvers og eins, Spjaldtölvur og Google forrit, Canva.

Kennsluhættir - Innlögð í upphafi tíma, nemendur vinna verkefni í tölvum eða spjaldtölvum. Kennsla fer einnig fram í öðrum námsgreinum t.d. við gerð glærusýninga og í ritun.

Kennslufyrirkomulag - Upplýsingatækni er kennd 1x í viku, 40 mínútur í senn.

Námsmat - Virknimat, þekking, leikni og hæfni viðmiða í aðalnámskrá.

Heimilisfræði

Kennari: Elín Sigríður Jónsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 7. bekkjar. Aðalnámskrá

Helstu viðfangsefni –

- Geti matreitt einfaldar og hollar máltíðir út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.
- Geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsahöld og skilið gildi viðeigandi frágangs.
- Geti unnið eftir leiðbeiningum, munnlegum og sýnikennslu.
- Læri að beita sér rétt við vinnu sína.
- Læri um slysaættur í eldhúsinu og hvernig megí koma í veg fyrir þær.
- Læri um heilbrigða lífshætti.
- Læri um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.
- Læri um sjálfbærni, umbúðamerkingar og kolefnisspor matvæla.

Námsgögn:

- Heimilisfræði 4.
- Valdar uppskriftir og verkefni úr bókunum gott og gagnlegt 1-3.
- Veraldarvefurinn.
- Efni frá kennara.

Kennsluhættir - Verklegar æfingar og umræður. Unnið í þörum og hópum.

Kennslufyrirkomulag – 5. - 7. bekk er kennt saman í 2 blönduðum hópum sem skiptast á að fá 80 mínútna kennslustund á viku, 6 vikur í senn.

Námsmat - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Áhersla er lögð á vandvirkni, sjálfstæði og samvinnu í hópum.

Tónmennt

Kennari: Elín Sigríður Jónsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 7. bekkjar. Aðalnámskrá

Helstu viðfangsefni –

- Söngur og hljóðfæraleikur með skólahljóðfærum.
- Taktur, dans og hreyfing.
- Samhæfing hugar og handar.
- Sköpun og skráning.

- Hlustun og greining.

Námsgögn:

- Valið efni úr eftirfarandi bókum:
- Forskólinn.
- Söngvasafn.
- Syngjandi skóli.
- Tónmenntavefurinn.
- Efni frá kennara.

Kennsluhættir – Helstu kennsluhættir eru leikir og söngur, ásamt umræðum og sýnikennslu.

Kennslufyrirkomulag – Tónmennt er kennd einu sinni í viku, 40 mínútur í senn.

Námsmat - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Áhersla er lögð á virka eftirtekt og hlustun, samhæfingu hugar og handar, sköpunargleði og efla hugsun nemenda um tónlist.